

Fundur 25.febrúar '04

Endurrit fundargerðar Skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 25. febrúar 2004.

Ár 2004 þann 25. febrúar kom Skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar kl. 20:30. Um var að ræða samráðsfund með fulltrúum Þörungaverksmiðju og voru mættir fyrir hennar hönd Halldór Sigurðsson framkvæmdastjóri, Gylfi Helgason skipstjóri og Björn Samúelsson vélstjóri. Einnig sat sveitarstjóri fundinn og reit fundargerð.

Svör Siglingastofunar varðandi dýpkun á ytri-höfn, bygging brimvarnargarðs og innsiglingaljós. Formaður greindi frá því að tilgangur fundarins væri m.a. að sameina afstöðu sveitarfélags og Þörungaverksmiðju varðandi brýnustu verkefni í hafnarmálum. Fyrir liggur að dýpkunin er komin inn á siglingamálaáætlun 2003 - 2006 en fundarmenn voru sammála um að brýnt væri að reyna að fá gerð brimvarnargarðsins flutta fram fyrir dýpkun hafnarinnar. Fundarmenn töldu eðlilegt að sveitarstjóri Reykhólahrepps og framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar skrifuðu bréf til Siglingastofnunar og rökstyddu úrbótaþörf Reykhólafnar.

Gjaldskrá Reykhólafnar (hugsanlegar breytingar). Ekki er búið að taka ákvörðun um endanlega gjaldskrá en samkvæmt nýrri hafnalöggjöf ber hverri höfn að hafa sjálfstæða gjaldskrá.

Samkomulag Reykhólafnar og Þörungaverksmiðju frá 4.janúar 2001. Rætt um hugsanlegar breytingar á þessu samkomulagi.

Skýrsla umferðarfulltrúa Vestfjarða um öryggisbúnað við Reykhólahöfn. Rætt um að bæta þyrfti umgengni á bryggjunni. Enn fremur að fjarlæggt yrði aflóga drasl gegnt verksmiðju sem ekki er á hennar vegum heldur annarra aðila. Samþykkt að sækja um fjármagn til Siglingastofunar (liðurinn "óskipt til slysavarna") til úrbóta á stigum í Reykhólahöfn. Rætt um viðhald á friholtum og útleiðslu á rafmagnstöfluskúr. Dreifibréf Umhverfisstofnunar (tilkynning um mengunaróhöpp). Framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar greindi frá fyrirhuguðum úrbótum verksmiðjunnar varðandi olútanka hennar.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 22:20.

Þórður Jónsson
Gústaf Jökull Ólafsson
Sveinn Ragnarsson
Halldór Sigurðsson
Gylfi Helgason
Björn Samúelsson
Einar Örn Thorlacius